

STARFSREGLUR

um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999,

sbr. starfsrgl. nr. 852/2001, nr. 291/2004, nr. 953/2009,
nr. 956/2010, nr. 1113/2011 og nr. 302/2013.

I. KAFLI

Rekstrar- og aksturskostnaður.

1. gr.

■[Skrifstofukostnaður prestsembætta greiðist á eftirfarandi hátt:

- a) Til embætta sóknarpresta og presta þar sem íbúar eru 3.500 eða fleiri, svo og til héraðspresta og sérþjónustupresta greiðist kr. 252.000 á ári.
- b) Til embætta sóknarpresta og presta þar sem íbúar eru 1.500-3.500, greiðist kr. 270.000 á ári.
- c) Til embætta sóknarpresta og presta þar sem íbúar eru 1.500 eða færri, greiðist kr. 294.000 á ári.

□Auk þess greiðast í síma-, póst- og fatakostnað kr. 154.000 á ári.

□Þessar fjárhæðir skulu sundurliðaðar og jafnað niður í mánaðarlegar greiðslur.]¹⁾

1) Starfsrgl. 1113/2011, 1. gr.

2. gr.

■[Til árlegs rekstrarkostnaðar vegna prófastsstarfa greiðast til viðbótar rekstrarkostnaði samkvæmt 1. gr. kr. 170 þúsund og vegna presta erlendis kr. 520 þúsund.]¹⁾

1) Starfsrgl. 953/2009, 2. gr.

3. gr.

■[Árlegur aksturs- og ferðakostnaður embætta presta og vegna starfa prófasta er greiddur samkvæmt eftirfarandi flokkun:

□I. flokkur - kr. 250 þús. á ári.

Eftirtalin embætti:

- a) [Embætti sóknarpresta og presta með eina sókn eða fleiri og þar sem tveir eða fleiri prestar starfa saman í prestakalli.]²⁾
- b) Embætti sérþjónustupresta.
- c) Embætti héraðspresta.
- d) Ennfremur vegna starfa prófasta að frátöldum þeim sem getið er í II. flokki.

□[II. flokkur - kr. 380 þús. á ári.

Eftirtalin embætti:

- a) Embætti sóknarprests á höfuðborgarsvæðinu sem starfar einn og með fleiri en eina sókn.
- b) Embætti sóknarpresta og presta í þéttbýli eða þar sem stærstur hluti íbúa býr í þéttbýli, með eina eða tvær sóknir.
- c) Embætti sóknarpresta í dreifbýli með eina sókn.
- d) Embætti sérþjónustupresta sem hafa aðallega þjónustuskyldu á höfuðborgarsvæðinu.
- e) ...
- f) Ennfremur vegna starfa prófasta í víðfeðmum prófastsdæmum.]³⁾

□[III. flokkur - kr. 600 þús. á ári.

Eftirtalin embætti:

- a) Embætti sóknarpresta og presta í dreifbýli með tvær sóknir eða fleiri og þar sem sóknir hafa verið sameinaðar og messuskylda helst.

- b) Embætti sérþjónustupresta með fasta þjónustuskyldu um land allt.
- c) Embætti presta erlendis.
- d) Embætti héraðspresta í dreifbýli og víðfeðmum prestaköllum.]⁴⁾

□IV. flokkur - allt að kr. 850 þús. á ári.

Eftirtalin embætti:

- a) Embætti í víðfeðmum prestaköllum.
 - b) [Embætti sem tekið hafa við viðbótarþjónustu við sameiningu prestakalla. Ef prestakall sameinast fleiri en einu prestakalli skal meta hlutfall af mismuni frá þeim flokki sem viðkomandi prestur var í til IV. flokks í samræmi við fjölda íbúa í sóknunum. Þetta á ekki við þar sem tveir eða fleiri prestar þjóna.]⁵⁾
 - c) Ef prestakall sameinast fleiri en einu prestakalli skal meta hlutfall af mismuni frá þeim flokki sem viðkomandi prestur var í til IV. flokks í samræmi við fjölda íbúa í sóknunum.
- Þetta ákvæði gildir út skipunartíma þess sóknarprests sem tekur við þeirri viðbótarþjónustu.
- Biskupsstofa annast um flokkun embætta samkvæmt framangreindu að höfðu samráði við stjórn Prestafélags Íslands.]¹⁾

1) Starfsrgl. 953/2009, 3. gr. Sjá áður starfsrgl. 852/2001, 1. gr.

2) Starfsrgl. 956/2010, a)-liður 1. mgr. 1. gr.

3) Starfsrgl. 302/2013, 1. gr. Sjá áður starfsrgl. 956/2010, a)-lið 2. mgr. 1. gr.

4) Starfsrgl. 302/2013, 2. gr. Greiðslur skv. d)-lið 2. gr. þessarar starfsrgl. skyldu hefjast 1. janúar 2013, sbr. 3. gr. Sjá áður starfsrgl. 956/2010, a)-lið 3. mgr. 1. gr.

5) Starfsrgl. 956/2010, 4. mgr. 1. gr.

4. gr.

■Rekstrarkostnaður prests- og prófastsembætta greiðist að hálfu vegna aukapjónustu og veikindaleyfa en ekki koma til sérstakar greiðslur vegna sumarafleysinga.

5. gr.

■Greiðslur vegna 1., 2. og 3. gr. eru inntar af hendi mánaðarlega vegna næstliðins mánaðar.

□[Heimilt er að sækja um undanþágu frá föstum mánaðarlegum akstursgreiðslum og fá í stað þess greiddan akstur samkvæmt akstursdagbók sem prófastur staðfestir mánaðarlega. Til að geta sótt um slíkt þarf að leggja fram akstursdagbók vegna þriggja mánaða aksturs í þágu prestakallsins. Biskupsstofa metur þörf viðkomandi prests á því að fá þessa undanþágu. Endurskoða þarf undanþáguna árlega. Greiðslur skv. akstursdagbók geta aldrei orðið hærri en hámarksfjárhæð skv. IV. flokki. Prestur sem hyggst sækja um undanþágu skal tilkynna það prófasti.]¹⁾

1) Starfsrgl. 956/2010, 2. gr.

II. KAFLI

Annar rekstrarkostnaður.

6. gr.

■[Biskupsstofa leggur prestum til hennu og kraga samkvæmt nánari ákvörðun biskups Íslands.]¹⁾

1) Starfsrgl. 953/2009, 4. gr.

7. gr.

■Biskupsstofa greiðir eðlilegan kostnað vegna búferlaflutninga.

8. gr.

■[...]¹⁾

1) Starfsrgl. 953/2009, 5. gr. Sjá áður starfsrgl. 291/2204, 1. gr.

9. gr.

■ Ferðakostnaður presta á prestastefnu og vegna starfa í fastanefndum kirkjunnar er til viðbótar öðrum greiðslum í starfsreglum þessum.

10. gr.

■ Biskupsstofa stendur skil á tryggingargjaldi vegna greiðslna fyrir akstur og embættisklæði samkvæmt 3., 6. og 8. gr.

11. gr.

■ Fjárhæðir í starfsreglum þessum breytast í samræmi við ákvæði 3. gr. samnings ríkis og kirkju frá 4. september 1998, um rekstrarkostnað ofl. vegna prestsembætta og prófasta.

III. KAFLI

Gildistaka.

12. gr.

■ Starfsreglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum um embættiskostnað presta og aukaverk þeirra nr. 36/1931¹⁾, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 141/1998, svo og heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2000. Jafnframt falla brott frá sama tíma starfsreglur um embættiskostnað sóknarpresta nr. 816/1998. □ [Starfsrgl. þessar ... öðlast gildi 1. janúar 2010 og taka til allra presta og prófasta sem eru í þjónustu þjóðkirkjunnar.]²⁾

1) Heiti laganna er: Lög um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra.

2) Starfsrgl. 953/2009, upphaf og niðurlag 6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ Biskupsstofa skal segja upp öllum gildandi aksturssamningum við presta þannig að uppsögn taki gildi frá og með 1. janúar árið 2000.

□ Fyrir árslok 1999 skal greiða vegna stofnkostnaðar skrifstofubúnaðar kr. 87.000 til sérhvers hinna 138 prestsembætta.

□ Greiðslur fyrir afnot skrifstofuhúsnæðis í rekstrarkostnaði prestsembættis greiðist því aðeins að haldsbréf hafi verið undirritað.

□ [Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. núgildandi starfsreglna breytast ekki fjárhæðir í 1., 2. og 3. gr. á árinu 2010.]

1) Starfsrgl. 953/2009, ákv. til bráðabirgða.